

## Fundargerð

### 204. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 16. september 2014 kl. 12<sup>15</sup>–13<sup>30</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)  
Halldór Haraldsson (HH) (fjarverandi)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) (fjarverandi)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Raf- og rafeindatækjaúrgangur
- (3) Ársfundur 2014
- (4) Þjónustuaðilar
- (5) Önnur mál

#### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (203. fundar).

#### 2. Raf- og rafeindatækjaúrgangur

ÓK fór yfir að fyrirbyggjandi eru frumvarpsdrög með tollnúmerum og álagningartölum úrvinnslugjalds. Upphæðir miða við kostnaðaráætlun sem gerð var um áramótin 2012/2013. Raftækjum var skipt í flokka sem tóku mið af áætlaðri meðhöndlun og kostnaði (úrvinnsluflokkar). Tilskipun um raf- og rafeindatækjaúrgang 2012/19/EB gerir ráð fyrir að raftækjum sé skipt í tíu flokka. Framangreindir úrvinnsluflokkar og flokkar tilskipunarinnar falla ekki að fullu saman. Tilskipunin mælir til um breytingu árið 2018 m.a. á þann veg að ofangreindir tíu flokkar verða sex. ÓK rifjaði upp að á síðasta fundi var m.a. rætt að miða strax við sex flokka þó skýrslugjöf þurfi að vera í tíu flokkum þar til 2018.

Bent var á fundinum að álagningarflokkum frumvarpsins ber ekki saman við framangreinda sex flokka skiptingu og fór ÓK yfir dæmi þess. Varmaskiptar flokkast skv. 6 flokka skiptingu sem kælitæki en voru áður í flokki stórra tækja. Úrvinnslugjald á varmskipta breytist við þetta. Lagt var fram yfirlit á fundinum yfir þessar tilfæringar. ÍG fór yfir helstu viðmið við flokkun á raftækjum í úrgangsflokka.

Lögð voru fram á fundinum til sýningar, drög að endurskoðari kostnaðaráætlun við meðhöndlun raf- og rafeindatækjaúrgangs. Þessi drög eru unnin eftir viðræður starfsmanna Úrvinnslusjóðs og ráðgjafa frá Mannviti við úrvinnsluaðila. GGP rifjaði upp forsögu á útreikningum SN á væntanlegum úrvinnslugjöldum sem unnin var fyrir tveimur árum. Niðurstöðum var skilað til UAR með miklum fyrirvörum sem stöfuðu af óvissu á markaði við meðhöndlun raf- og rafeindafyrirtækjum. GGP leggur það til að UAR verði gert viðvart um þær breytingar á úrvinnslugjaldi á innflutningi raf- og rafeindatækja sem allt virðist benda til að þurfi og þá að mestu til hækkunar á áður útreiknuðum úrvinnslugjöldum. Stjórn mun taka ákörðun þegar að betri útreikningar liggja fyrir um kostnað við ráðstöfun á raf- og rafeindatækjaúrgangs.

### **3. Ársfundur 2014**

Ársskýrsla Úrvinnslusjóðs fyrir 2013 var lögð fram á fundinum.

Gerð er tillaga um að halda ársfund Úrvinnslusjóðs þann 7. október kl. 13:00.

*Samþykkt*

### **4. Þjónustuaðilar**

Hópsnes ehf. kt. 470265-0199, Verbraut 3, Grindavík, óskar eftir að gerast þjónustuaðili vegna meðhöndlunar úrgangs pappírs- og pappambúða, skv. skilmálum ÚRVS-XVIII-01, plastumbúða og heyrúlluplasts skv. skilmálum ÚRVS-XVIII-02 og hjólbarða skv. skilmálum ÚRVS-XVI-02.

*Samþykkt*

### **7. Önnur mál**

Engin

Næsti fundur ákveðinn 30. september 2014.

Fundi slitið kl 13:30

